

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 18. desember 1975****um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum****(76/117/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Gildandi löggjöf sem tryggja skal öryggi raffanga til notkunar á sprengihættustöðum er mismunandi í hinum ýmsu aðildarríkjum og hindrar þannig viðskipti.

Hægt er að eyða þessu misræmi sé þess krafist að rafföng til notkunar á sprengihættustöðum fylgi tæknilegum samhæfðum stöðlum.

Hafa skal þó í huga þann möguleika að vissar gerðir tækja kunna að hafa öryggisstig jafngilt því sem hinir samhæfðu staðlar segja fyrir um þótt þau fylgi ekki þessum stöðlum.

Gera skal ráðstafanir til að samþykktur aðili gangi úr skugga um að slík tæki fylgi hinum samhæfðu stöðlum eða hafi að minnsta kosti jafngilt öryggisstig; athugun þarf bæði að taka til fylgiskjala og hönnunar og smíði tækjanna.

Nota verður vottorð og merki sem viðurkennd eru í öllum aðildarríkjunum til að votta að tækin hafi staðist þessa skoðun.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 87, 2. 9. 1971, bls. 4.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 41, 29. 4. 1971, bls. 6.

Tækniforskriftir í tilskipunum um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum þarf að laga að tækniframförum þegar í stað. Til þess að auðvelda beitingu þeirra nauðsynlegu ráðstafana sem við eiga skal kveða á um nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan nefndar um breytingar í samræmi við tækniframfarir á tilskipunum um afnám viðskiptahindrana varðandi rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.

Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum geta valdið hættu þótt þau hafi fengið vottorð og merki sem leyfa fjálsan flutning. Því skal kveða á um hvernig afstýra megi þessari hættu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi tilskipun á við rafföng hæf til notkunar á sprengihættustöðum að undanskildum rafföngum sem ætluð eru til notkunar neðanjarðar í námum þar sem myndast getur eldfimt gas og lækningatækjum.

*2. gr.*

Í tilskipun þessari merkir „raffang“ hvaða hluta raflagnar sem er eða hvaða annað raftæki sem er.

*3. gr.*

„Sprengihættustaður“ er rými þar sem hættulegt magn eldfimra efna getur komið fyrir sem gas, gufa, þoka eða ryk sem sameinast getur lofti þannig að sprengifim blanda myndist.

## 4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna, á grundvelli öryggiskrafna um hönnun og framleiðslu raffanga sem ætluð eru til notkunar á sprengihættustöðum, sölu, frjálsan flutning eða notkun raffanga sem getið er um í 1. og 2. gr. í tilætluðum tilgangi:

— ef samræmi við samhæfða staðla er vottað með samræmisvottorðinu sem getið er um í 8. gr. og staðfest með ásettu einkennismerki eins og kveðið er á um í 10. gr.,

— ef þau víkja frá samhæfðum stöðlum en sérstök skoðun á framleiðslu þess hefur leitt í ljós að öryggi þess er að minnsta kosti jafngilt því sem gert er ráð fyrir í viðkomandi stöðlum, og þetta er vottað með skoðunarvottorði sem gefið er út samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í 9. gr., og staðfest með ásetningu einkennismerkisins sem kveðið er á um í 10. gr.

2. Í grein þessari merkir „notkun í tilætluðum tilgangi“ notkun búnaðar í tengslum við gastegundir, gufur, þokur eða ryk sem geta sameinast lofti þannig að sprengifimar blöndur myndist, eins og kveðið er á um í hinum samhæfðu framleiðslustöðlum og skráð í samræmisvottorð eða skoðunarvottorð.

Landslög og stjórnsýslufyrirmæli varðandi uppsetningarskilyrði mega ekki valda mismunun hvað snertir notkun raffanga sem þessi tilskipun tekur til og framleidd eru í öðrum aðildarríkjum.

3. Ef skilmálar um uppsetningu og notkun heyra ekki undir önnur bandalagsákvæði skulu þau áfram heyra undir lög og stjórnsýslufyrirmæli þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. Í tilskipun þessari merkir „samhæfðir staðlar“ staðla sem síðar verður vísað til í sérstökum tilskipunum ráðsins.

5. Í þeim sérstöku tilskipunum sem getið er um í 4. mgr. kann að vera heimilað, ef um er að ræða vissan búnað með einfaldaðri vörn sem aðeins er ætlaður til notkunar á stöðum þar sem hættu er takmörkuð, að votta samræmi við þá samhæfðu staðla sem við eiga á einfaldari hátt sem kann einfaldlega að vera sá að framleiðandinn gefi út samræmisfirlýsingu.

## 5. gr.

1. Við aðlögun ákvæða sérstakra tilskipana að tækni-framförum skulu þau ákvæði greinilega auðkennd í hverri tilskipun og nauðsynlegar breytingar samþykktar samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr.

2. Mál varðandi skoðunarvottorðin sem getið er í öðrum undirlið 1. mgr. 4. gr. og gefin eru út samkvæmt skilyrðum í 9. gr. má einnig kanna með þessari málsmeðferð.

## 6. gr.

1. Hér með er skipuð nefnd sem sér um að breyta, í samræmi við tækni framfarir, tilskipunum um afnám tæknilegra viðskiptahindrana varðandi rafföng til notkunar á sprengihættustöðum, og nefnist hún hér eftir „nefndin“; hún skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

## 7. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með minnst 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

## 8. gr.

1. Samræmisvottorðið sem getið er um í fyrsta undirlið 1. mgr. 4. gr. skal gefið út af einum hinna samþykktu aðila sem getið er um í 14. gr. Það skal votta að viðkomandi gerð búnaðar sé í samræmi við hina samhæfðu staðla.

Afrit af aðalatriðunum í samræmisvottorðinu skal senda aðildarríkjunum innan eins mánaðar frá útgáfu þess.

Hinn samþykkti aðili sem prófað hefur tækið skal gera skýrslu sem vera skal tiltæk fyrir aðildarríkin.

2. Samþykkti aðilinn sem gefur út samræmisvottorðið má draga það til baka ef hann telur að ekki hefði átt að gefa það út eða þau skilyrði sem hann hefur sett hafa ekki verið uppfyllt innan eðlilegs tiltekins tíma. Enn fremur má hann draga samræmisvottorðið til baka ef framleiðandinn dreifir rafföngum sem ekki eru í samræmi við hina samþykktu fyrirmynd.

## 9. gr.

1. Skoðunarvottorðið sem getið er um í öðrum undirlið 1. mgr. 4. gr. skal gefið út af einum hinna samþykktu aðila sem getið er um í 14. gr. Það skal votta að viðkomandi gerð búnaðar hafi öryggisstig sem sé að minnsta kosti jafngilt því sem fæst með beitingu samhæfðra staðla.

2. Áður en skoðunarvottorð er gefið út skal samþykkti aðilinn sem skoðað hefur búnaðinn senda tækniforskriftir búnaðarins, skoðunarskýrslur og drög að skoðunarvottorðum til hinna aðildarríkjanna og/eða samþykktra eftirlitsaðila þeirra, sem mega innan fjögurra mánaða frá því að upplýsingarnar berast leggja fram athugasemdir, biðja um frekari skoðun og þegar við á vísa málinu til nefndarinnar samkvæmt 7. gr. Þessi bréfaskipti skulu vera trúnaðarmál.

3. Ef ekkert aðildarríki hefur óskað þess að tilsettum tíma liðnum að málinu sé vísað til nefndarinnar skal hinn samþykkti aðili, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem lagðar hafa verið fram samkvæmt málsmeðferð í 2. mgr., gefa út skoðunarvottorð ef niðurstöður viðbótarskoðunar eru fullnægjandi.

4. Sé málinu vísað til nefndarinnar samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 7. gr. og niðurstaða nefndarinnar jákvæð skal hinn samþykkti aðili gefa út skoðunarvottorð.

5. Afrit af aðalatriðunum í skoðunarvottorðinu skal senda aðildarríkjunum innan eins mánaðar frá útgáfu vottorðsins.

6. Samþykkti aðilinn sem gefur út skoðunarvottorðið má draga það til baka ef hann telur að ekki hefði átt að gefa það út eða þau skilyrði sem hann hefur sett hafa ekki verið uppfyllt innan eðlilegs tiltekins tíma. Enn fremur má hann draga skoðunarvottorðið til baka ef framleiðandinn dreifir rafföngum sem ekki eru í samræmi við hina samþykktu fyrirmynd.

## 10. gr.

1. Einkennismerkið sem framleiðandinn setur á búnaðinn táknað að slíkur búnaður samsvari þeirri gerð sem fengið hefur samræmisvottorð eða skoðunarvottorð, hafi hlotið þá prófun sem samhæfir staðlar mæla fyrir um og uppfylli skilyrðin sem getið er um í 2. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 9. gr.

Aðildarríkin skulu gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að umræddar merkingar séu því aðeins settar á af framleiðandanum að hann hafi undir höndum samræmis-eða skoðunarvottorð.

2. Sé þess krafist í samræmisvottorði eða skoðunarvottorði verða að fylgja búnaðinum leiðbeiningar þar sem útskýrð eru þau sérstöku skilyrði sem við eiga um notkun hans.

## 11. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi eftirlit með framleiðslu búnaðar sem þessi tilskipun tekur til.

## 12. gr.

1. Ef aðildarríki ákveður á grundvelli efnislegra staðreynda að búnaður valdi hættu, enda þótt hann uppfylli kröfur viðeigandi tilskipana, er því heimilt að banna tíma-

bundið sölu hans á umráðasvæði sínu eða gera hana háða sérstökum skilyrðum. Það skal þegar í stað tilkynna þetta hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni.

2. Framkvæmdastjórnin hefur innan sex vikna samráð við þau aðildarríki sem í hlut eiga, skilar síðan álitni án tafar og gerir viðeigandi ráðstafanir.

3. Sé framkvæmdastjórnin þeirrar skoðunar að tæknilegar breytingar á tilskipuninni séu nauðsynlegar samþykkir annaðhvort framkvæmdastjórnin eða ráðið slíkar breytingar samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 7. gr. Í því tilviki er aðildarríkinu sem samþykkt hefur öryggisráðstafanir heimilt að láta þær haldast þar til breytingarnar hafa öðlast gildi.

*13. gr.*

Stöðluð form merkja og vottorða sem aðildarríkin nota skulu birt í upplýsingaskyni í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*.

*14. gr.*

Hvert aðildarríki skal senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skrá yfir þá aðila sem það hefur

samþykkt til að skoða búnað og/eða gefa út samræmis- eða skoðunarvottorð og pósthöng vegna bréfaskiptanna sem getið er í 1. mgr. 8. gr. og 2. og 5. mgr. 9. gr. Það skal einnig tilkynna um allar breytingar á þessum listum.

Þetta skal hefjast eigi síðar en þrem mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar.

*15. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar innan 18 mánaða frá birtingu fyrstu sértilskipunarinnar.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1975.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. TOROS

*forseti.*